

97. fundur

Fundur í skólaráði Fossvogsskóla haldinn miðvikudaginn 1. desember 2021 kl. 16:00

Mætt eru: Halla Gunnarsdóttir, Helena Róbertsdóttir, Unnur Björnsdóttir, Karl Óskar Þráinsson, Gísli Sigurðarson og Hafdís Guðrún Hilmarsdóttir. Einnig Soffía Vagnadóttir sem ritar fundargerð í fjarveru Árna Freys Sigurlaugssonar Thorlacius.

Dagskrá:

1. Nýr stjórnandi í Fossvogsskóla

- a. Soffía Vagnadóttir skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu á SFS opnaði fundinn og fór yfir aðdraganda þess að nýr stjórnandi er kominn að Fossvogsskóla. Ingibjörg Ýr Pálmadóttir skólastjóri Fossvogsskóla óskaði eftir því við skóla- og frístundasvið föstudaginn 26. nóvember síðastliðinn að fá að ljúka störfum frá og með 1. desember að telja. Í kjölfarið leitaði skóla- frístundasvið til Hafdísar Guðrúnar Hilmarsdóttur um að taka að sér stöðu skólastjóra í Fossvogsskóla tímabundið. Hafdís kynnti sig stuttlega fyrir fundarmönnum.

2. Akstur við Fossvogsskóla.

- a. Skólaráð bendir á hættuna sem hefur stafað af því að stór vinnutæki væru við skólann á sama tíma og rúturnar eru að koma, ekki síst þegar myrkur er. SV upplýsti að þeim upplýsingum hefði verið komið til umhverfis- og skipulagssviðs. Ákveðið hefur verið að verktaki komi ekki inn á lóð skólans fyrr en kl 8.40. Það er sá tími sem allir nemendur eiga að vera komnir inn til kennslu og rúturnar farnar af svæðinu.

3. Leiktæki við Korpuskóla.

- a. Skólaráð bendir á mikilvægi þess að brugðist verði nú þegar við vegna slyss sem varð í leiktæki á skólalóðinni utan skólatíma. Mikilvægt að tækið verði tekið úr umferð nú þegar.

4. Akstur í Covid aðstæðum.

- a. Skólaráð bendir á að skoðað verði með rútuakstur í kringum smitgát að morgni og nemendur bíða eftir niðurstöðum covid-prófs. Mikilvægt að rúta geti þá farið síðar að morgninum með hópinn.

5. Fjölbreyttir kennsluhættir heim

- a. Kennurum nemenda í sóttkví og einangrun var hrósað fyrir fjölbreytt og skemmtileg verkefni heim þar sem kennarar eru að nýta tæknina vel.

Skólaráð fagnar aðkomu nýs stjórnanda og væntir góðs samstarfs um skólastarfið í Fossvogsskóla.